

Utandagskrárumræður í neðri deild:

# Harðar deilur um viðskilnað síðustu ríkisstjórnar

ALLHARÐAR umræður áttu sér stað utan dagskrár í neðri deild Alþingis í gær um viðskilnað síðustu ríkisstjórnar. Þorsteinn Pálsson gagnrýndi ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar þess efnis, að ýmsar ákvarðanir síðustu ríkisstjórnar settu sök á því, að staða ríkissjóðs yrði mun verri um næstu áramót en gert hafði verið ráð fyrir. Þorsteinn spurði Ólaf, hvort tölur fráfarandi fjármálaráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar um fjárlagahallann um næstu áramót væru rangar og bað Ólaf að leiðrétta þær ef svo væri. Ólafur ásaði Þorstein um að skjóta sér undan ábyrgð á verkum fráfarandi ríkisstjórnar og sagði ljóst, að afkoma ríkissjóðs yrði verri en við var búist í sumar.

Utandagskrárumræðurnar í neðri fóru fram að ósk Þorsteins Pálssonar (S.Sl.). Hann gerði að umtalsefni ræðu, sem Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra hélt á fundi Alþýðubandalagsins í Garðabæ um síðustu helgi og sagði að þar hefðu komið fram áskanir um að Jón Baldvin Hannibalsson hefði gefið rangar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs, þegar síðasta ríkisstjórn lét af störfum. Þorsteinn vitnaði einnig í viðtöl við Ólaf í fjölmörgum, þar sem kemur fram, að auka þurfi skattheimtu um 5 til 9 milljarða króna vegna viðskilnaðar síðustu stjórnar, meðal annars til að auka millifærslu til atvinnuveganna.

## Voru tölur Jóns Baldvins rangar?

Þorsteinn rifjaði upp, að í byrjun september hefði þáverandi fjármálaráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, sagt að fjárlagahallinn yrði um 700 milljónir króna. Ekki hefðu komið fram nýjar tölur hvað þetta varðar. „Nú kemur fram af hálfu hæstvirts fjármálaráðherra að um sé að ræða allt aðrar og hærri tölur um viðskilnaðinn í fjármálaráðuneytinu. Ég vil því spyrja hæstvirts fjármálaráðherra, hvort þær tölur, sem forveri hans gaf upp í ríkisstjórn hafi verið rangar.“

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra sagði í upphafi máls síns, að tilgangur Þorsteins með spurningunni hefði eingöngu verið sá að koma höggi á Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra að honum fjarverandi og væri ræða Þorsteins því að vissu leyti misnotkun á þeim rétti þingmanna, að taka til máls utan dagskrár af brýnu til efni. Ólafur sagði að nú sem áður bæri forsætisráðherra hvernig ríkisstjórnar höfuðábyrgð á ríkisstjórninni. „Þess vegna mun það lítt duga fyrir Þorstein Pálsson að reyna að skjóta sér undan ábyrgð á því sem misfarist hefur í hans forsætisráðherratið.“ Ólafur sagði ljóst, að afkoma ríkissjóðs yrði mun lakari en áður hefði verið gert ráð fyrir og stafaði það af afleiðingum stefnu fráfarandi ríkisstjórnar. Hann sagði að þær tölur sem hér væri um að ræða lægju ekki endanlega fyrir, en hann myndi gera grein fyrir þeim á næstu dögum.

## Lagafrumvarp um verðbréfa- viðskipti

JÓN Sigurðsson, viðskiptaráðherra mælti í gær fyrir lagafrumvarpi um verðbréfa- viðskipti í neðri deild Alþingis.

Ráðherra sagði meðal annars, að mikil gróska hefði verið í þessum viðskiptum að undanförunu og því væri þörf á reglum um þau. Nokkrar umræður urðu að lokinni ræðu hans. Benti Friðrik Sophusson (S.Rvk) m.a. á, að ráðherra Alþýðubandalagsins hefðu ekki gert neinn fyrirvara um stuðning sinn við frumvarpið, sem undirbúið hefði verið í tíð síðustu ríkisstjórnar.



Þorsteinn Pálsson



Ólafur Ragnar Grímsson

Sighvatur Björgvinsson (A.Vf.) tók næstur til máls og sagði að ljóst væri, að ýmsir þættir ytri aðstæðna hefðu valdið því, að forsendur fjárlaga hefðu breyst. Fjárlögin byggðu á spám og breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins hefðu valdið ónákvæmni í slíkum spám á þessu ári.

## Ólafur vill kenna síðustu stjórn um skattahækkunar

Birgir Ísleifur Gunnarsson (S.Rvk) benti á að í tíð síðustu ríkisstjórnar hefði Jón Baldvin Hannibalsson látið fjármálaráðuneytið grannskoða spár um fjárlagahallann og niðurstaðan hefði verið sú, að hallinn yrði um 700 milljónir. Birgir sagði ennfremur, að Ólafur vildi sverta stöðu ríkissjóðs nú, til þess að geta kennt ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar um þær skattahækkunar, sem hann etlaði að koma í framkvæmd.

## Bráðabirgðalögin lögð fram í efri deild:

# „Íslenskt atvinnulíf komið nær bjargbrúninni en oftast áður“

— segir Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra

STEINGRÍMUR Hermannsson forsætisráðherra mælti í gær fyrir fjórum lagafrumvörpum í efri deild Alþingis, til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum.

Forsætisráðherra ræddi um erfíðleika útflutningsatvinnuveganna og þær leiðir er ræddar voru í fráfarandi ríkisstjórn til að leysa úr þeim. Forsætisráðherra fjallaði um slæmt atvinnuástand og gjaldþrot fyrirtækja og sagði hann í því sambandi: „Íslenskt atvinnulíf er komið nær bjargbrúninni en oftast áður.“

Steingrímur gerði síðan grein fyrir efni laganna. Þau fjalla í fyrsta lagi um aðgerðir til að bæta afkomu atvinnuveganna, t.d. með verðjöfnun til fiskiðnaðarins og stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Í öðru lagi fela lögin í sér verðstöðvun til 28. febrúar á næsta ári. Í þriðja lagi gera lögin ráð fyrir launafyrstingu til 15. febrúar næstkomandi og afnámi samningsréttar til þess tíma. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miða að vaxtalækkun og fela þær einnig í sér breytingar á grundvelli lánskjaravísitölu, með það fyrir augum að auka vægi launa við útreikning hennar.

Málmfríður Sigurðardóttir (Kl.Ne.) talaði um að yfirleitt hefði ekki þurft að krefja Ólaf Ragnar Grímsson sagna um stöðu ríkissjóðs vegna hvers kyns framkvæmdaáætla. Engin umboðslaun fyrr en fé er fengið. Miðlarar eru verndaðir.

## Umræður í fjarveru fjármálaráðherra fyrverandi

Ólafur Þ. Þórðarson (F.Vf.) furðaði sig á því að þessi utandagskrárumræða færi fram að fyrverandi fjármálaráðherra fjarverandi. Hann spurði hvernig síðasta stjórn hefði skilið við atvinnuvegina og taldi, að aldrei hefði verið unnið jafn hratt að þjóðnýtingu hér á landi, því að atvinnufyrirtæki um allt land væru að lenda í höndum opinberra sjóða. Friðrik Sophusson (S.Rvk) sagði að kjarninn í ræðu fjármálaráðherra hefði verið sá, að forsætisráðherra bæri ábyrgð á gerðum fjármálaráðherra og bætti því við, að í ljósi þess gætu menn getið sér til um hvert framhaldið yrði í stjórnarsamstarfinu.

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra sagði greinilegt að Þorsteini Pálssyni og Friðriki Sophussoni liði illa vegna afleiðinga stjórnarstefnu þeirra og þeir reyndu greinilega að flýja fortíðina. Hann bætti því við að þeir Jón Baldvin væru ekki alltaf sammála, en gætu þrátt fyrir það unnið saman. Þorsteinn Pálsson tók aftur til máls

og sagði Ólaf ekki hafa svarað spurningu sinni. Hann sagðist ekki víkja sér undan ábyrgð á gerðum stjórnar sinnar og því hefði hann vakið athygli á ummælum Ólafs Ragnars á fundinum í Garðabæ.

## Ætla að setja Sjálfstæðisflokkinn til hliðar

Fjármálaráðherra tók enn til máls og sagðist ekki ræða stöðu ríkissjóðs í umræðum af þessu tagi. Hann sagði að Þorsteinn vildi reka fleyg milli þeirra Jóns Baldvins en það þýddi ekki, því þeir ætluðu í sameiningu að koma í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn næði forystuhlutverki í íslenskum stjórnarmálum. Stefán Valgeirsson (SjF.Ne.) sagði að ekki væri vanþörf á að ræða viðskilnað fráfarandi ríkisstjórnar, því útlitið í atvinnuástandi væri slæmt.

## Hvor fjármálaráðherra hefur rétt fyrir sér?

Albert Guðmundsson (B.Rvk) sagði að Ólafur Ragnar hefði komist í rökþrot er hann var spurður hvort Jón Baldvin hefði farið með rangt mál. Hann bætti því við að það munaði þjóðina miklu hvor fjármálaráðherra hefði rétt fyrir sér. Geir H. Haarde (S.Rvk) sagði það dæmigert að fjármálaráðherra vildi frekar gera grein fyrir þessu máli á fundi Alþýðubandalagsins í Garðabæ heldur en á Alþingi. Hann sagði að það markmið, að setja Sjálfstæðisflokkinn til hliðar í íslenskum stjórnarmálum, myndi aldrei ná fram að ganga. Þorsteinn Pálsson sagði það sýna virðingu Ólafs Ragnars fyrir Alþingi að hann vildi ekki svara hver fjárlagahallinn væri í raun. Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra tók síðastur til máls í þessari umræðu. Sagðist hann etla að gera grein fyrir þessu máli seinna.

## FYRSTA FLOKKS BANKAÁBYRGÐIR

Áhættufé - Fasteignaviðskipti - Fjármögnun viðskipta - Bankaábyrgðir og aðstoð við ábyrgðir vegna hvers kyns framkvæmdaáætla. Engin umboðslaun fyrr en fé er fengið. Miðlarar eru verndaðir.

## UMBODSMANN

þarf til að skapa tengsl fyrir okkur til að framkvæma fjármögnun. Vinsamlegast skrifið til okkar á ensku.

## VENTURE CAPITAL CONSULTANTS

Investment Bankers  
16311 Ventura Blvd., Suite 999, Encino, California 91436, U.S.A.  
Telex: 651 355 Vencap LSA  
Fax nr.: (818) 905-1698  
Sími: (818) 789-0422

## Honda Civic CRX 130 hestöfl




Verð frá 893 þúsund, miðað við staðgreiðslu á gengi 1. okt. 1988  
NÝ AFBORGUNARKJÖR  
ÁN VAXTA OG VERÐBÓTA.

**HONDA**  
VATNAGÖRÐUM 24, RVÍK., SÍMI 689900

## BÍLAVERKSTÆÐI!

Vorum að fá  
**MÓTORLYFTUR**  
á hagstæðu verði.



Höfum einnig fyrirliggjandi:  
**Mótahreinsivélar.**  
**Rafstöðvar.**  
**Rafmagnstaliur.**  
**Steypuhrærivélar.**  
**Verkstæðiskrana.**  
**Loftþjoppur.**

SALA-SALA-SALA-SALA

LEIGA-LEIGA-LEIGA-LEIGA



VÉLA- OG PALLALEIGAN

Sími 687160.  
Fosshálsi 27,  
Reykjavík.